

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Félags bókagerðarmanna (FBM) vegna FGT deildar**  
**og**  
**Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA)**

**1. gr.**

**Inngangur**

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál dags. 5. maí 2011. Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning FBM/FGT og SÍA.

**2. gr.**

**Almenn launahækkun**

1.6. 2011: 4,25%.

1.2. 2012: 3,5%.

1.2. 2013: 3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

**3. gr.**

**Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

**4. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page. The notes include "ASS", "1", "HGR", "SSM", and "GPS". There are also several illegible signatures.

5. gr.

**Afgreiðsla kjarasamninga**

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 16:00 mánudaginn 30. maí.

6. gr.

**Fylgiskjöl**

- Frí í stað yfirvinnu
- Flokksstjórn / vaktstjórn
- Fræðslusjóður
- Launataxtar 2011 - 2013

Reykjavík, 11. maí 2011

F.h. Félags bókagerðarmanna vegna  
félagsmanna FGT deildar

Georg Páll Skarðsson  
Pjetarsson  
Kannan Sæmundur

F.h. Sambands íslenskra auglýsingastofa

Guðmundur G. Mörner  
Anna Svava Sværisdóttir  
Hauður Antunnsdóttir

### **Grein 7.1.3 um frí í stað yfirvinnu orðist svo:**

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að greiða fyrir störf, sem unnin eru á yfirvinnutímabili, með fríum á dagvinnutímabili. Heimilt er að viðhafa tvenns konar fyrirkomulag, safna vinnustundum í yfirvinnu og greiða út yfirvinnuálagið (mismun dagvinnu- og yfirvinnutímakaups) næsta útborgunardag eða breyta yfirvinnutímum þannig að ein klukkustund í yfirvinnu jafngildir 1,8 klst. í dagvinnu (4,44 klukkustundir í yfirvinnu jafngilda 8 klukkustundum í dagvinnu). Uppsafnaðir frítímar skv. framangreindu skulu veittir í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmann.

### **Inn komi ný grein: Flokksstjórar og vaktstjórar (í gr. 7.1.1.)**

Þeir sem sérstaklega eru ráðnir til að hafa á hendi flokksstjórn / vaktstjórn eða umsjón verka skv. skriflegum ráðningarsamningi, en ganga jafnframt til almennra starfa grafískra hönnuða, skulu fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu.

### **Fræðslusjóður**

Greiðsla í fræðslusjóð bókagerðarmanna skv. gr. 9.b. verður á samningstímabilinu kr. 850 á mánuði.

Kat  
HG  
PS  
M  
GSM

## Launataxtar 2011-2013

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
1. flokkur byrjunarlaun	242.500 kr.	253.500 kr.	264.500 kr.
2. flokkur eftir 1 ár	260.655 kr.	271.655 kr.	282.655 kr.
3. flokkur eftir 4 ár	275.368 kr.	286.368 kr.	297.368 kr.
4. flokkur eftir 6 ár	297.414 kr.	308.414 kr.	319.414 kr.

Rúf  
 ASS  
 (Handwritten signature)  
 (Handwritten initials)  
 (Handwritten initials)  
 4  
 (Handwritten initials)